



Mars 2022



Nemendur í Hvolsskóla

## Þemadagar í Hvolsskóla - Kynjafræði

Á hverjum vetri hafa verið haldnir þemadagar í Hvolsskóla þar sem að nemendur hella sér út í verkefni af fullum krafti. Árið 2021 var Harry Potter þemað en nú var einblínt á kynjafræði í sinni víðustu mynd. Nemendur unnu verkefni þvert á námsgreinir sem öll áttu það þó sameiginlegt að tengjast kynjafræði með einhverjum hætti. Nemendur útbjuggu kannanir sem lagðar voru fyrir nemendur, kennara og íbúa sveitarfélagsins, gerðu myndbönd til að útskýra betur þann hluta kynjafræðinnar sem viðkomandi hópur var með og settu upp kynningarbása. Miðvikudaginn 16. febrúar var svo komið að því að halda opið hús í skólanum þar sem hver hópur stóð á sínum kynningarbás og lagði góður fjöldi leið sína í skólann ásamt öðrum nemendum og kennurum. Nemendurnir stóðu sig einstaklega vel og básarnir voru listilega settir upp. Það má með sanni segja enn og aftur að framtíð okkar hér í Rangárfingi eystra er björt þegar við sjáum unga fólk í okkar standa svona vel að þeim verkefnum sem þau fá í hendurnar. Dómnefnd var fengin til að meta verkefni og veita viðurkenningar og var þeirra hlutverk ekki öfundsvert.



Gestir á þemadögum

Að þessu sinni voru þau Arnar Gauti Markússon, Edda Guðlaug Antonsdóttir og Högni Þorsteinsson fengin til starfa og voru viðurkenningarnar af ýmsum toga og skipt bróðurlega milli bekkja. Fá þau góðar þakkir fyrir dómgæsluna. Það er Anna Kristín Guðjónsdóttir, íslensku- og kynjafræðikennari sem að er hugmyndasmiðurinn að þessu þemaverkefni eins og undanfarin ár og á hún og hennar samstarfsfólk virkilega stórt hrós skilið fyrir þetta vel heppnaða verkefni.

## Rangárfing eystra

Austurvegur 4  
860 Hvolsvöllur  
Sími: 488 4200

Vefur: [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir  
Ábyrgð: Lilja Einarsdóttir

### Opnunartími

á skrifstofu

### Rangárfings eystra

Mán - Fim

09:00 - 16:00

Föstudagar

09:00 - 13:00

## Kæru íbúar

Þrátt fyrir risjótta tíð nú í upphafi árs er vorið handan við hornið. Mikið hefur mætt á snjómokstursmönnum um land allt og er þar engin undantekning á hér í Rangárþingi eystra. Það skiptir okkur íbúana miklu máli að komast leiðar okkar og eiga moksturmenn þakkir skildar fyrir. Tíminn flýgur og verkefni eru af ýmsum toga. Sum eru hefðbundin, önnur árstíðabundin, enn önnur eru óvænt og við þeim þarf að bregðast. Að sama skapi eru líka einstök verkefni sem eru oftast jákvæð og skemmtileg. Eitt slíkt er nú í gangi sem er bygging nýja leikskólans, en skrifað var undir verksamning við JÁVERK nú í upphafi árs og hafa þeir þegar hafist handa, þrátt fyrir að veðráttan hafi ekki verið mjög hliðholl. Verkefnið er það stærsta sem Rangárþing eystra hefur ráðist í og hefur ríkt um það mikil samstaða sem er nauðsynlegt þegar um svo stóra framkvæmd er að ræða. Það er alveg ljóst að þetta er mikið framfaraskref fyrir okkur hér í sveitarfélaginu og það er trú mín að með þessu móti séum við að skapa okkar yngstu íbúum framúrskarandi starfsumhverfi fyrstu árin á námsbraut sinni til framtíðar. Verkefnið Barnvænt samfélag hefur gengið gríðarlega vel í okkar samfélagi og styður það einnig við okkar yngstu íbúa enda er markmið þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í alla vinnu, þar með talið stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Þar skiptir okkur miklu máli að hafa hér starfandi ungmennaráð sem er sveitarstjórn ráðgefandi um málefni ungs fólks. Ungmennaráð Rangárþings eystra er virkt og skipað dugmiklum einstaklingum sem láta sig málin varða og leggja svo sannarlega sitt af mörkum á mörgum sviðum.

Undanfarin 2 ár hafa vissulega verið mjög óvenjuleg og ekki hafa skapast mörg tækifæri til að hittast. Hvorki til að skemmta sér né eiga samtál við íbúa og fyrirtæki um málefni líðandi stundar. Því hafa fylgt miklar áskoranir fyrir allt starf, ekki síst í skóla, leikskóla og á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuholli þar sem grípa hefur þurft til ýmissa aðgerða til að starfið geti gengið frá degi til dags. Allir sem þar hafa lagt sig fram eiga kærar þakkir og hrós skilið. Við horfum nú fram á bjarta tíma og allt útlit fyrir að hjarðónæmi sé að nást sem skapar okkur tækifæri til að endurheimta allt frelsi til samvista. Strax má sjá fjöldann allan af viðburðum auglýsta hér í sveitarfélaginu og er viðbúið að þeir verði vel sóttir. Íslandsmót kvenna í blaki sem haldið var sl. helgi gaf tóninn og var spilað bæði á Hvolsvelli og Hellu. Mikil gleði var við völd og fullt út úr dyrum af þátttakendum og áhorfendum. Öskudagsgleði í Hvolsskóla fór líka fram á Öskudaginn og þar var svo sannarlega mikill metnaður hjá nemendum, kennurum og fyrirtækjum sem buðu uppá alls kyns glaðninga fyrir syngjandi og glaðvær börn og ungmenni. Einnig verður landsmót Samfés



Sveitarstjóri með nemendum úr 2. bekk á Öskudaginn

haldið nú um helgina, 4.-6. mars, hér á Hvolsvelli en þar hittast um 400 ungmenni frá félagsmiðstöðvum af öllu landinu sem er mikilvægur liður í því starfi og afar kærkomið að halda mótið eftir 2ja ára hlé.

Enn vex okkar góða samfélag og er afar ánægjulegt að eftirspurn eftir húsnæði heldur stöðugt áfram. Verið er að undirbúa auglýsingu lóða af öllu tagi, en nýjar lóðir verða auglýstar á miðbæjarreit þar sem gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði auk íbúðarhúsnæðis. Einnig er vinna við 2. áfanga í Hallgerðartúni nú í fullum gangi en þar er umtalsvert magn rað- og parhúsaloða sem verða auglýstar til úthlutunar. Það er mikilvægur liður í því að skapa aðstæður til vaxtar og þróunar atvinnulífs og byggðar að hafa ávallt nægt magn lóða af öllum gerðum. Það verður gaman að fylgjast með þegar vorar og enn fleiri byggingar fara að rísa.

Nú þegar sú staðreynd blasir við okkur að stríð geisar á milli þjóða heims árið 2022 og fréttir berast af árásum á saklausa borgara í Evrópu þá finnur maður til sorgar og vanmáttar. En einmitt þá er maður þakklátur fyrir að búa þar sem friður ríkir og megum við aldrei gleyma því hversu mikilvægur þáttur það er að búa við öryggi, frið, virðingu og vináttu í garð náungans. Við megum ekki vanmeta hve gott það er að búa við slíkar aðstæður og það er á okkar ábyrgð að rækta kærleika í garð nágrenns.

Megi komandi vikur færa okkur öllum birtu, gleði og frið.

Lilja Einarsdóttir  
Sveitarstjóri



Sara Jóhanna, 3.fh. ásamt öðrum fulltrúum í Ungmennaráði UMFÍ

## Sara Jóhanna kosin í Ungmennaráð UMFÍ

Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage, nemandi í 10. bekk Hvolsskóla, var á dögnum kosin í Ungmennaráð UMFÍ. Ungmennaráð UMFÍ samanstendur af 9 ungmennum á aldrinum 16 til 25 ára og eru helstu hlutverk ráðsins að vera stjórn UMFÍ til ráðgjafar um málefni ungs fólks og skipuleggja og standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk. Stærsti viðburður ungmennaráðsins er ungmennaráðstefnan *Ungt fólk og lýðræði* sem hefur verið haldin árlega síðan 2009, m.a. á Hvolsvelli árið 2012.

Sara Jóhanna er ein af mörgum unglíngum sem hefur tekið virkan þátt í því starfi sem í boði er fyrir unglínga og ungmenni. Sara er fulltrúi í Ungmennaráði Samfés, formaður Nemendaráðs Hvolsskóla, er í Tviðráðinu og í Ungmennaráði Rangárþings eystra. Sara Jóhanna er einnig þjálfari hjá KFR og stundar sjálf knattspyrnu með félaginu. Rangárþing eystra óskar Söru Jóhönnu til hamingju með kosninguna.

## Tvær starfandi hárgreiðslustofur í Rangárþingi eystra

Fyrir allmörgum árum voru hér starfandi allnokkrar hárgreiðslustofur, bæði í heimahúsum og í sérrýmum. Það kom svo að því að öllum stofunum var lokað og því hafa íbúar þurft að sækja sér hársnyrtingu af ýmsum toga út fyrir sveitarfélagsmörkin. Það gladdi því marga þegar hvorki fleiri né færri en tvær stofur opnuðu með aðeins fárra daga millibili haustið 2021.



Sigga Þyrí Þórarinsdóttir rekur stofuna Klippikot í Bollakoti í Fljótshlíð en þar býr hún og rekur bú ásamt manni sínum, Þóri Má Ólafssyni og þremur sonum. Ásamt því að vera lærður hársnyrtir er Sigga Þyrí einnig búfræðingur að mennt og fara þessar tvær leiðir vel saman í Bollakoti.



Að Ormsvelli 1 á Hvolsvelli rekur svo Bryndís Þorsteinsdóttir, Dís hársnyrtistofu. Bryndís hefur unnið sem hársnyrtir í um 12 ár og er upprunalega frá Dalvík. Hún býr á Hvolsvelli með kærastanum sínum Reyni Björgvinsyni. Ásamt Bryndísi starfar Dórothea Oddsdóttir, hársnyrtisveinn, á stofunni.



## Framkvæmdir við nýjan leikskóla á Hvolsvelli



Á dögunum undirrituðu fulltrúar JÁVERK, þeir Axel Davíðsson og Guðjón Þórisson, og Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri, samning vegna byggingu nýs leikskóla við Vallarbraut á Hvolsvelli. Framkvæmdir eru hafnar og miða ágætlega þrátt fyrir að veður og vindar hafi hamlað framvindu síðustu daga. Nú er verið að vinna í undirstöðum og var fyrsta steypa sett í mót sl. fimmtudag. Um var að ræða steypu í undirstöður og botnplötu í kjallara. Áætlað er að verkið taki u.þ.b. 18 mánuði og að nýr leikskóli verði tekinn í notkun á haustmánuðum 2023.

## Fréttir frá Héraðsbókasafni Rangæinga

Nú er loksins hægt að keyra aftur í gang verkefnið „Bókasafnið okkar allra“

Á miðvikudögum bjóðum við leikskólabörn og forráðamenn sérstaklega velkomin en það passar einstaklega vel að kíkja aðeins á safnið eftir leikskóla, áður en farið er í íþróttaskólann. Svo ætlar hún Magga að lesa sögu fyrir gestina öðru hvoru.

Á mánudögum í mars, apríl og maí verður svo kaffiböð á bókó en þá verður þægileg kaffihúsastemning á safninu frá 17:30 – 18:30, boðið verður uppá kaffi og kíkt á eitthvað gull úr kjallaranum.

Við hvetjum alla sem langar að hefja einhvern hópahitting (t.d. bumbuhóp, fæðingaorlofshóp, nýbúahóp, leshóp, námshóp, föndurhóp, handavinnuhóp, spilahóp eða hvað sem er) að koma og spjalla við okkur á bókasafninu og við gerum okkar besta í að finna tíma sem hentar.

Verið velkomin á bókasafnið okkar allra.

Bestu kveðjur  
Elísa Elíasdóttir  
Forstöðumaður



### Vetraropnun á Héraðsbókasafninu

Vetraropnunartími

1. september - 31. maí

Mánudagur 13:00 - 20:00

Þriðjudagur 13:00 - 18:00

Miðvikudagur 13:00 - 18:00

Fimmtudagur 13:00 - 18:00

Föstudagur 10:00 - 13:00

## Hvolsskóli - Heilsueflandi skóli

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla er *Heilbrigði og velferð* einn af sex grunnþáttum menntunar. Þátttaka Heilsueflandi grunnskóla styður skóla í að innleiða þennan grunnþátt í öllu sínu starfi. Haustið 2016 sótti Hvolsskóli um þátttöku í þróunarstarfi Heilsueflandi grunnskóla sem Embætti landlæknis og fleiri standa að. Þátttakan er ætluð til þess að styðja grunnskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og skapa skólabrag sem hugar að heilsu og velferð allra nemenda. Markmiðið er að bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu. Í Hvolsskóla starfar stýrihópur sem ber ábyrgð á framvindu verkefnisins og sér einnig um að virkja viðeigandi hagsmunaaðila. Innleiðingafærið er nú á lokametrunum og þegar öllum viðmið um heilsueflandi grunnskóla hafa öðlast virkan sess í starfinu og námskrá skólans öðlast Hvolsskóli rétt til þess að skilgreina sig sem „Heilsueflandi grunnskóli.“



*Yngsta stig í árlegri fjallgöngu Hvolsskóla á haustin*

### Heilsustefna Hvolsskóla

Allir starfsmenn og nemendur hjálpast að við að skapa jákvæðan skólabrag sem hlúir að þroska og heilbrigði allra þátta. Góð heilsa, líkamleg, andleg og félagsleg hefur jákvæð áhrif á námsárangur. Í Hvolsskóla er heilsustefnan samtvinnuð skólastarfinu í heild því sérhver hlekkur er mikilvægur í því að efla heilsuna. Skólaumhverfið er mikilvægur þáttur í heilsueflingu og er gott aðgengi að sundlaug, íþróttahúsi og tækjasal mikill kostur. Boðið er upp á hollar millimáltíðir og kappkostað að hafa holla fjölbreytta næringu fyrir alla í skólamötuneytinu.

Hvolsskóli leggur áherslu á eftirfarandi heilsueflandi þætti:

- Hreyfingu
- Jákvæða sjálfsmynd
- Holla og rétta næringu
- Andlega vellíðan

Til þess að ná fram þessum þáttum er tekið mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Reynt að skapa daglegar venjur og að allt starf ýti undir að styrkja þessa fjóra áhersluþætti. Heilsustefnan er í sífelldri þróun sem og heilsueflandi markmið Hvolsskóla.

F.h. stýrihópur Heilsueflandi grunnskóla í Hvolsskóla

Tinna Erlingsdóttir



## Götulýsing í Rangárþingi eystra



Í febrúar 2020 var undirritaður samningur milli Rangárþings eystra og Rarik þar sem að Rarik afhenti götulýsingakerfi sveitarfélagsins til eignar. Samningurinn hljóðaði þannig að sveitarfélagið yfirtók og eignaðist götulýsingarkerfið í því ástandi sem það var frá og með 1. apríl 2020. Strax var farið í undirbúning að fyrirkomulagi varðandi umsjón og viðhald kerfisins sem nú er farið eftir.

Í Rangárþingi eystra eru í heildina 325 staurar sem tilheyra þessu kerfi, 297 staurar á Hvolsvelli og 28 á Skógum. Samkvæmt fyrirkomulaginu sem unnið var þegar sveitarfélagið tók við er áætlað að skipt sé út lömpum í einni til tveimur götum á ári. Þá eru settir orkusparandi Led lampar í staurana en áætlaður orkusparnaður með þessum skiptum er 50-60% miðað við þá lampa sem nú eru í notkun. Búið er að endurnýja lampa á Vallarbraut og í Stóragerði. Allar ábendingar varðandi götulýsingarkerfið má gjarnan senda í gegnum ábendingarhappinn á heimasíðu sveitarfélagsins.

## Blakmót á Hvolsvelli og Hellu 26. og 27. febrúar

Helgina 26.-27. febrúar hélt blakdeild Dímonar-Heklu, í samvinnu við Blaksambandi Íslands, 2. umferð á Íslandsmóti kvenna í blaki. Dímon-Hekla er með lið í 3.deild og var hún spiluð á Hellu og endaði liðið í 3.sæti. Úrslitakeppnin verður svo spiluð á Siglufirði helgina 26.-27.mars.

Dímon-Hekla er líka með lið í 4.deild og var hún spiluð á Hvolsvelli og endaði liðið í 7.sæti og verður úrslitakeppnin spiluð á Akureyri sömu helgi og 3. deildin spilar. Í hvorri deild eru 12 lið og það má því segja að það hafi verið líf og fjör í íþróttahúsunum þessa helgi í Rangárþingi en alls voru spilaðir 54 leikir.

Kveðja formaður blakdeildar Dímonar-Heklu

María Rósa Einarsdóttir



## Mannabreytingar hjá VISS

Töluverðar mannabreytingar hafa orðið hjá VISS vinnu- og hæfingarstöð á Hvolsvelli. Kristín Erna Leifsdóttir tók nýverið við tímabundinni stöðu deildarstjóra til 1 árs en hún tók við stöðunni þegar Gunnsteinn Sigurðsson lét af störfum. Kristín hefur starfað sem leiðbeinandi hjá VISS og hefur meðal annars leyst deildarstjóra af í hans fjarveru. Kristín Erna hefur langa og víðtæka reynslu af starfi með börnum og fötluðu fólki og auk þess reynslu af stjórnun. Hafdís María Jónsdóttir hefur einnig hafið störf hjá VISS. Hafdís María er þroskaþjálfari og hefur unnið sem slíkur í Hvolsskóla síðastliðin ár. Þær Kristín og Hafdís eru boðnar velkomnar til starfa.



Kristín Erna Leifsdóttir



Hafdís María Jónsdóttir

VISS er vinnu- og endurhæfingarstöð þar sem unnið er markvisst að því að aðstoða fatlað fólk til atvinnuþátttöku, hæfingar og félagsþjálfunar og að styðja fólk í að vera virkir þátttakendur í eigin lífi. Unnið að eigin framleiðslu og ýmiskonar þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Starfsemin er staðsett í gamla matsalnum á Kirkjuholi og er opið í VISS búðinni alla virka daga milli klukkan 8-12.

## Hnappur fyrir ábendingar og/eða fyrirspurnir á [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Á heimasíðu Rangárþings eystra má finna eyðublað þar sem íbúar og aðrir geta komið sínum ábendingum og fyrirspurnum til sveitarfélagsins. Hnappurinn er staðsettur vinstra megin á heimasíðunni, smellt er á Senda ábendingu/fyrirspurn og þar til gert eyðublað fyllt út.

KOMDU MED → VISITHVOLSVÖLLUR.IS

<p><b>Opnunartími</b></p> <p>Mánudag - fimmtudag kl. 09-12 og kl. 13-16</p> <p>Föstudag kl. 09-13</p> <p>Sími: 488 4200</p> <p><a href="#">Senda ábendingu / fyrirspurn</a></p>	<p> SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL</p> <p> KORTA- OG TEIKNINGAVEFUR</p> <p> SORPHIRÐA</p> <p> FUNDARGERDIR</p> <p> BÚKOLLA</p> <p> VELKOMIN Í RANGÁRÞING EYSTRÁ?</p>
---	--

Upplýsingar um COVID-19 vírusinn →

## Austurvegur 4

Við höldum áfram að kynna okkur þau fyrirtæki og stofnanir sem eru með starfstöðvar á 2. hæð á Austurvegi 4.

### Katla jarðvangur

Katla jarðvangur varð til í nóvember 2010, fyrstur íslenskra jarðvanga. Jarðvangurinn nær yfir 9.542 km<sup>2</sup> landsvæði og þekur rúmlega 9% af flatarmáli landsins. Starfsmenn jarðvangsins eru tveir, Berglind Sigmundsdóttir, framkvæmdastjóri og Jóhannes Marteinn Jóhannesson, verkefnastjóri, en þau eru bæði menntaðir jarðfræðingar. Í hverju sveitarfélagi eru svo starfandi tengiliðir og í Rangárþingi eystra er það Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi. Skrifstofa jarðvangsins er hér á Austurveginum en Jóhannes er einnig með aðstöðu í Kötlusetri í Vík.



## Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga

Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga er með starfsstöð fyrir héraðsskjalavörð á hæðinni. Í skjalasafninu, sem er staðsett á Skógasafni, eru varðveitt margskonar skjöl, frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum stofnunum.

### Nýr héraðsskjalavörður

Heiðbrá Ólafsdóttir hefur verið ráðin sem héraðsskjalavörður og tekur hún við störfum af Einari Grétari Magnússyni en hann hefur sinnt þessari stöðu af kostgæfni í rúm 10 ár. Heiðbrá á rætur sínar að rekja vestur á firði, til Súgandafjarðar og Patreksfjarðar en er alin upp í sveit í Borgarfirði, bæði í Reykholtssdalnum og Stafholtstungum. Heiðbrá er lögfræðimenntuð frá háskólanum á Akureyri og háskólanum í Osló í Upplýsingatæknirétti og býr yfir margvíslegri starfsreynslu. Hún var lengi hjá Sparnaði ehf sem er þekktast fyrir samstarf sitt við Bayern líf sjóðinn í Þýskalandi. Í Noregi starfaði Heiðbrá hjá sendiráði Íslands í Osló og eftir heimkomu hefur hún verið hjá ERA sem sérhæfir sig í Upplýsingatæknirétti. Heiðbrá er gift Jóhanni Rúnari Sævarssyni, búfræðingi og eiga þau tvö börn, Úlfu og Víking. Þau eru búsett á Stíflu í Vestur-Landeyjum þar sem þau tóku við kúabúrekstri tengdaforeldra Heiðbrár sumarið 2018, þá nýkomin heim eftir 6 ára búsetu í Noregi. Aðspurð um það hvernig Heiðbrá litu á starf Héraðsskjalavörðar þá sagði hún að starfið væri fjölbreytt og fæli í sér margvíslegar áskoranir sem tengjast bakgrunni hennar, bæði í gegnum menntun og starfsreynslu. Lögbundnar skyldur safnsins eru m.a að sjá um móttöku, skráningu og varðveislu skjala og rafrænna gagna frá skjalaskyldum aðilum og svo einnig að hafa virkt eftirlit með skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra sem og að sjá um fræðslu til starfsmanna þeirra.



Eins og staðan er í dag er engin rafræn móttaka eða rafræn vinnsla hafin hjá skjalasafninu svo stærsta áskorunin verður að koma þeirri vegferð vel af stað með þeim fimm sveitarfélögum og stofnunum þeirra sem heyra undir Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Heiðbrá er spennt fyrir því að takast á við starfið og þær áskoranir sem það felur í sér en hún er einnig mjög spennt fyrir því að starfa í sinni heimabyggð og kynnast betur samfélaginu í gegnum starfið.

Heiðbrá er boðin velkomin til starfa og Einari Grétari þökkun sín fórnfúsu og góðu störf. Einar Grétar lætur þó ekki formlega af störfum fyrr en tekur að vora og verður Heiðbrá innan handar fyrstu mánuðina.



## Lausar lóðir í Rangárþingi eystra



Á heimasíðu Rangárþings eystra má finna Korta- og teikningavef en á þeim vef má finna allar lausar lóðir í sveitarfélaginu. Hvort sem um er að ræða íbúðarlóðir, hesthúsalóðir, lóðir fyrir iðnaðarhúsnæði eða lóðir fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði. Fyrirhugaðar úthlutanir fyrir nýjan miðbæ Hvolsvallar ásamt öðrum hluta Hallgerðartúns munu svo verða auglýstar á næstu vikum.

Hér má sjá þær lóðir sem eru nú lausar til umsóknar í gegnum korta- og teikningavefinn.

### Einbýlishúsalóðir:

- 860
  - Hvolstún 21
  - Hallgerðartún 1
  - Hallgerðartún 3
  - Hallgerðartún 4
  - Hallgerðartún 5
  - Hallgerðartún 6
  - Hallgerðartún 8
  - Hallgerðartún 9
  - Hallgerðartún 10
  - Hallgerðartún 11
  - Hallgerðartún 12
  - Hallgerðartún 16
  - Hallgerðartún 18
  - Hallgerðartún 23
- 861
  - Vistarvegur 2-4 - Skógum

### Iðnaðarhúsnæði

- Ormsvöllur 11

### Hesthúsalóðir:

- D-gata 6a
- D-gata 6b
- D-gata 8a
- D-gata 8b
- C-gata 3
- C-gata 4
- C-gata 5
- C-gata 6
- C-gata 8
- C-gata 9
- C-gata 10
- C-gata 11
- C-gata 12
- C-gata 13
- C-gata 14



Nýbygging við Gunnarsgerði 5

Viðtalstími Skipulags- og byggingarfulltrúa er:

Mánudagar 13 – 15

Miðvikudagar 13 – 15

Sími: 488 4200


Netfang:

bygg@hvolsvollur.is

## Velheppnuð Markaðsherferð



Rangárþing eystra ákvað að fara í stóra kynningarherferð árið 2021 sem bar heitið Rangárþing eystra; Velkomin heim. Kveikjan að herferðinni var einna helst að byrjað var að auglýsa lóðir í nýja hverfinu norðan við Króktún og vildi sveitarfélagið ná til landsmanna og kynna hversu gott er að búa hér hjá okkur í Rangárþingi eystra.. Það var Hönnunarstofan *Arnar og Arnar* sem að sáu um alla hugmyndavinnu og vinnslu í samvinnu við vinnuhóp hjá sveitarfélaginu. Þrjár fjölskyldur í sveitarfélaginu voru fengnar til að taka þátt í þessu verkefni, Hildur Guðbjörg og Arnar Gauti í Fljótshlíðinni, Elvar og Hulda Dóra á Hvolsvelli og Valborg og Orri undir Eyjafjöllum. Gerð voru myndbönd með hverri fjölskyldu sem tókust afbragðsvel. Herferðin fór fram á samfélagsmiðlum s.s. Facebook og Instagram, á strætóskýlum í höfuðborginni og á Vísir.is. Þessi herferð gekk mjög vel og athygli á sveitarfélagið jókst mælanlega sem er auðvitað sú niðurstaða sem stefnt var að. Myndböndin og aðrar myndir sem teknar voru má finna á Instagram reikning Rangárþings eystra sem og á VisitHvolsvollur.is. Á næstunni verður herferðin sett aftur í loftið til að minna á hversu gott það er að búa í sveitarfélaginu okkar.



## Öskudagur í Hvolsskóla



Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í Hvolsskóla miðvikudaginn 2. mars en ákveðið var að hann yrði með öðruvísi sniði í ár líkt og í fyrra. Hvolsskóli tók vel í að halda aftur utan um dagskrá Öskudagsins eins og í fyrra og fá kennarar og starfsfólk kærar þakkir fyrir það. Borð frá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt voru sett upp og merkt og svo gengu nemendur fylltu liði um skólann, sungu við hvert borð og uppskáru varning fyrir. Búningar voru margvíslegir og metnaðurinn greinilega mikill og mátti meðal annars sjá ofurhetjur, Disney figúrur, lögreglur, tölvuleikjapersónur og jafnvel eldfjall og heilan strætó. Sveitarstjórinn kom við, að sjálfsgöðu í búning, og tók meira að segja lagið með nemendum í 2. bekk. Nemendur og starfsfólk gengu svo fylltu liði í íþróttahúsið þar sem gleðin hélt áfram. Sláturfélag Suðurlands gaf svo pylsuveislu í hádegismat sem runnu vel niður. Það má með sanni segja að það hafi verið heppilegt að halda Öskudaginn með þessum hætti þar sem veðrið var ekki með besta móti og því nokkuð þægilegt að nýta húsnæði skólans og íþróttahúsið til skemmtunar.

